

✉ Re: Rannsóknarleyfi Þormóðsstaðaá og Núpá

Búið til	29.4.2020 13:49:09
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	29.4.2020 13:49:07
Tilheyrir	📁 202004-0006 - Rannsóknarleyfi Þormóðsstaðaá og Núpá frá Fallorku ehf.

Efni

Re: Rannsóknarleyfi Þormóðsstaðaá og Núpá

Upplýsingar

Sent	29.4.2020 13:49:07	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	kg@os.is, harpa.petursdottir@os.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020040006 (TB)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fallorku ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Þormóðsstaðaár í Þormóðsdal og Núpár í Sölvadal í Eyjafirði, Eyjafjarðasveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindra virkjanamöguleika gera það að verkum að hugsanlegar virkjanir falla ekki undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum né heldur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar um orkurannsóknir vegna minni virkjana og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. akstur utan vega o.fl.

Fyrirliggja óskir um að virkja/rannsaka fleiri ár á þessu svæði, m.a. frá Fallorku, og auk þess eru uppi hugmyndir um virkjun fjölda vatnsfalla (minni virkjanir) um land allt. Að mati Náttúrufræðistofnunar er því komin tími til að móta stefnu um smávirkjanir m.t.t. landnýtingar þ.m.t. náttúruverndar. Einnig er ástæða til að með óskum um umsagnir um virkjanahugmyndir þá fylgi yfirlit yfir (eða tilvísun í hvar slíkt yfirlit er að finna) þær virkjanahugmyndir sem eru fyrir hendi a.m.k. í sama landshluta eða á sama svæði. Hér með er farið fram á að framvegis fylgi slíkt yfirlit þegar leitað er umsagna um rannsóknar- eða virkjanaleyfi þegar það á við, s.s. þegar virkjanir eru ekki sjálfkrafa matsskyldar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Kristján Geirsson" <kg@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Rannsóknarleyfi Þormóðsstaðaá og Núpá
Date: 3.4.2020 12:37:21

Ágæti viðtakandi

Orkustofnun hefur borist umsókn Fallorku ehf. um rannsóknarleyfi til fjögurra ára á grundvelli 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 og III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalaga). Stefnt er að því að rannsaka möguleika þess að virkja Þormóðsstaðaá í Þormóðsdal og Núpá í Sölvadal í framanverðum Eyjafirði, Eyjafjarðarsveit, vegna áætlana um 1.400 kW og 900 kW vatnsaflsvirkjanir.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar um framkomna umsókn Fallorku ehf., sjá nánar í meðfylgjandi erindi, umsókn framkvæmdaraðila og viðeigandi fylgiskjölum. Með póstinum fylgja eftirtalin fimm viðhengi:

1. Náttúrufræðistofnun-umsagnarbeiðni
2. Umsókn um rannsóknarleyfi
3. Fylgiskjal 1 með umsókn
4. Sölvadalur rannsóknarsvæði
5. Tímaáætlun rannsókna

Vinsamlegast athugið er erindi þetta er einungis sent rafrænt í tölvupósti,

Vinsamlegast staðfestið móttöku á þessum tölvupósti og viðhengjum

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA
Verkefnastjóri – stjórnsýsla vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) http://www.nea.is (http://www.nea.is)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.png (19 KB)